

# Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs

## 32. fundur

**haldinn að Lyngási, 23. júní 2010**

**Mættir:** Eiríkur Björn Björgvinsson formaður, Magnhildur Björnsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson í síma, Björn Ármann Ólafsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Ruth Magnúsdóttir.

### Dagskrá:

1. Athugasemdir við verndaráætlun
2. Breytingar á Svæðisráðinu
3. Önnur mál

*Varaformaður stýrði fundi og setti hann kl. 19.35. Gengið var til dagskrár.*

**1. Athugasemdir við verndaráætlun.** Skarphéðinn Þórisson innleiddi málið. Lýsti því að ekki hefði verið tekið tillit til álits ráðsins um að banna á notkun sexhjóla við veiðar og að verndarflokkur austurhlutagarðsins væri flokkur II, ekki VI.

Eiríkur lýsti því að sexhjólamálið hefði verið rætt í stjórn þjóðgarðsins þar sem fram kæmi að bann stangaðist á við aðrar reglugerðir eða lög. Varðandi flokkunina var þetta rætt, en var ekki útfært nákvæmlega.

Svæðisráðið samþykkir eftirfarandi athugasemdir við Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulshjóðgarðs:

a)

#### **I. Verndarflokkun þjóðgarðsins, sbr. kafla 2.3**

Þar er gert ráð fyrir að þjóðgarðinum sé skipti í svæði samkvæmt verndarflokkum 1a, II og VI hjá IUCN. Á uppdrætti sem fylgir er að vísu talað um flokk IV (blálitað) sem ætla verður að sé ritvilla, því að ekki er á þennan flokk minnst í texta.

Mjög kemur á óvart að sjá stór svæði innan þjóðgarðsins felld undir flokk VI. Er það í engu samræmi við framkomnar vel rökstuddar tillögur svæðisráða um að meginhluti þjóðgarðsins falli undir IUCN-flokk II. Eins og fram kemur í nýlega útgefninni leiðsögn IUCN „*Guidelines for Applying Protected Area Management Categories*“ (Edited by Nigel Dudley árið 2008, 86 bls.) er verndarflokkur II meginviðmiðunin fyrir þjóðgarð eins og hér um ræðir, og fellur það jafnt að verndarmarkmiðum sem og stjórnun svæðisins (sjá m.a. kafla 3 og 4 í nefndu riti). Í þessu sambandi ber að hafa í huga þann sveigjanleika í stjórnun og nýtingu sem gert er ráð fyrir að beita megi innan hvers flokks, þ.e. svonefnda 75%-reglu, en um hana segir í riti IUCN:

„The primary objective should apply to at least three-quarters of the protected area – the 75 percent rule: many protected areas may have specific zones within them where other uses are permitted: [dæmi rakin í texta]. IUCN recognises this and recommends that up to 25 percent of land or water within a protected area can be managed for other purposes so long as these are compatible with the primary objective of the protected area.“

Við gerum að tillögu okkar að allt það sem fært er undir IUCN-flokk VI á Austursvæði í auglýstri Stjórnunar- og verndaráætlun verði sett í IUCN-flokk II.

Til vara leggjum við til að flokkun á griðlandi við Snæfell verði sett í IUCN-flokk II, ef haldið yrði fast í fyrri flokkun í einhverju tilviki.

**Austursvæði (4. Verndarflokkur Þjóðgarðsins, s. 45) :**

„Alþjóða náttúruverndarsambandið, IUCN (International Union for Conservation of Nature) flokkar friðlýst svæði í sex mismunandi verndarflokka. Hver verndarflokkur hefur meginmarkmið friðlýsingar sem leiðbeina hvernig svæðunum er stýrt. Þar er miðað við að a.m.k. 75% hins friðlýsta svæðis sé stýrt samkvæmt meginmarkmiðum verndarflokksins sem valinn er fyrir svæðið. – Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs er stórt landsvæði og meginmarkmiðið með verndun svæðisins eins og annarra hluta þjóðgarðsins er að varðveita jarðfræðilegan fjölbreytileika, vistfræðilega ferla og líffræðilegan fjölbreytileika á sama tíma og hvatt er til fræðslu, menntunar og útivistar á svæðinu í sátt við náttúru og mannlíf. Þessi meginmarkmið falla að markmiðum verndarflokks II skv. IUCN (IUCN, 2008) (viðauki 6) – Sjálfbær og takmörkuð nýting ábúenda á svæðinu rúmast innan verndarflokks II skv. viðmiðum IUCN. Þetta á við um takmarkaða sjálfbæra beit og takmarkaðar veiðar til sjálfsbjargar (IUCN, 2008). Þannig má rökstyðja það að sú takmarkaða búfjárbætur sem nú er á svæðinu geti vel rúmast innan verndarflokks II. Takmarkaðar og hefðbundnar veiðar heimamanna geta einnig rúmast innan verndarflokks II. Sportveiðar eða veiðar í atvinnuskyni rúmast almennt ekki innan þess verndarflokks (IUCN, 2008) og geta því leitt til að austursvæðið teljist ekki allt uppfylla skilyrði verndarflokks II. Þetta er þó að hluta matsatriði og þarf að skoða í samhengi fyrir öll nýtingarsvæði þjóðgarðsins í heild (viðauki 6).“

b) Svæðisráðið leggur til að ekki verði heimilt að nota sexhjól til að sækja felld hreindýr utan vega í þjóðgarðinum. Ef þörf er á reglugerðar eða lagabreytingum vegna þessa verði farið í þær breytingar.

c) Svæðisráðið bendir á að í kafla 9.3.4 Reiðleiðir þarf að skýra betur í texta og á korti mögulegar leiðir úr Sauðakofa í Snæfellsskála og Laugafell, samanber texta í d-lið blaðsíðu 102 í tillögu Svæðisráðs Austursvæðis að verndaráætlun.

d) Svæðisráðið bendir á að kafla 3.4 Stjórnýsla um svæðiráð er ekki í samræmi við 8.gr laga um Vatnajökulsþjóðgarð lið 3. Einnig bendum við á að það sem kemur fram í 5.gr laganna um heimild stjórnar þjóðgarðsins til að ráða sér framkvæmdastjóra eða gera samning við aðra opinbera stofnun eða fyrirtæki um að annast daglegan rekstur og umsýslustjórnar vantar í Stjórnunar- og verndaráætlunina.

**2. Breytingar á Svæðisráðinu.** Eiríkur Björn Björgvinsson gengur úr ráðinu og í hans stað kemur Ruth Magnúsdóttir. Ráðið samþykkir að Björn Ármann Ólafsson verði formaður ráðsins og Ruth Magnúsdóttir varaformaður.

**3. Önnur mál.** Svæðisráðs fulltrúar þakka Eiríki gott samstarf á undanförunum árum. Eiríkur þakkar einnig samstarfið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20:50.

Eiríkur Björn Björgvinsson

Skúli Björn Gunnarsson  
Í síma

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson

Magnhildur Björnsdóttir

Ruth Magnúsdóttir